

Bæjarstjórn Blönduósarbæjar

51. FUNDUR – 1. júní 2010

Bæjarstjórn Blönduósarbæjar kom saman til 51. fundar þriðjudaginn 1. júní 2010 kl. 16:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía A. Garðarsóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

Fjarverandi bæjarfulltrúi:

- Héðinn Sigurðsson sem er í fæðingarorlofi. Í hans stað er mættur Þórður Pálsson

Dagskrá:

1. *Ársreikningur 2009 –síðari umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 31. maí 2010*
 - b) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 31. maí 2010*
3. *Skipulagsmál*
 - a) *Framkvæmdaleyfi vegna Sölvabakka*
 - b) *Aðalskipulag Skagabyggðar*

Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur 2009 –síðari umræða*

Fjármálastjóri bæjarins Valgarður Hilmarsdóttir sat fundinn undir þessum lið.
Forseti lagði fram eftirfarandi bókun.
„Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 610,0 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er nokkru hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Skatttekjur jukust um 9 millj. kr. á milli ára. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 24.7 millj. kr. sem er 7.5 millj. kr. hærra niðurstaða en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 33, 6 millj. kr. Heildarskuldir sveitarfélagsins jukust um 63,5 millj. kr. á árinu 2009. Tekin ný langtímalán eru 98 millj. kr. Afborganir langtímalána ársins voru 73 millj. kr.

Blönduósarbær stóð fyrir verulegum framkvæmdum á árinu 2009 sem eðlilega höfðu áhrif á fjármál sveitarfélagsins. Bæjarstjórn er ánægð með rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins þar sem hún stenst vel þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Rekstrarumhverfi sveitarfélaga hefur verið víða erfitt í kjölfar efnahagshrunsins. Það er skoðun bæjarstjórnar að framkvæmdirnar hafi haft verulega góð áhrif á atvinnustig á svæðinu.“

Að umræðum loknum samþykkti bæjarstjórn samhljóða framlagaða ársreikninga Blönduóssbæjar fyrir árið 2009.

Síðan var framlögð bókun borin upp og samþykkt samhljóða.

Forseti þakkaði fjármálastjóra fyrir vel unnin störf.

2. **Fundargerðir:**

a) **Bæjarráð frá 31. maí 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b) **Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 31. maí 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Zophonías tekur ekki þátt í afgreiðslu 2.liðar fundargerðarinnar.

Fundargerðin að því tilskýldu samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. **Skipulagsmál**

a) **Framkvæmdaleyfi vegna Sölvabakka**

Bæjarstjórn samþykkir að byggingafultrúi gefi út framkvæmdaleyfi vegna urðunarsvæðis á Sölvabakka í samræmi við deiliskipulag og fyrir liggjandi umhverfismat. Deiliskipulag hefur verið auglýst, athugasemda frestur liðinn en engar athugasemdir borist.

b) **Aðalskipulag Skagabyggðar**

Aðalskipulag Skagabyggðar lagt fram.

Í lok fundar þakkaði Valgarður fundarmönnum samstarfið síðastliðin ár en þetta er síðasti fundur sem hann stjórnar. Fór lauslega yfir stöðu sveitarfélagsins og taldi að við mættum vel við una í mörgum málum.

Óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum til hamingju og óskaði þeim alls góðs í starfi og minnti þá á að verkefnin væru næg. Einnig þakkaði hann Arnari þór bæjarstjóra fyrir gott samstarf. Þá þökkuðu þeir Jón Aðalsteinn og Valdimar fyrir samstarfið og óskuðu nýjum sveitarstjórnarmönnum heilla í störfum, þökkuðu þeir Arnari bæjarstjóra einnig fyrir gott samstarf. Ágúst þór, Kári og Zophonías tóku til máls og þökkuðu þeim sem eru að hverfa af braut samstarfið sl. ár og óskaði nýjum bæjarfulltrúum alls góðs.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:25.

Valgarður Hilmarsson, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þ. Bragason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Pórður Pálsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri. (sign.)

Stefanía A. Garðarsd., ritari (sign.)